



Stefnuræða forseta Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2017-2018

Fráfarandi forseti og stjórn, ágætu félagar og gestir.

Ég vil byrja á því að þakka það traust sem þið hafi sýnt mér með því að fela mér að vera forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar næsta starfsár. Mér er mikill heiður sýndur og ég mun leggja mig allan fram í starfið.

En ég stend ekki einn í brúnni. Með mér í stjórn eru öflugir félagar og þeirra góði stuðningur, ásamt stuðningi annarra félaga, mun auðvelda mér starfið.

Ég hef verið félagi í Rótarýklubbi Hafnarfjarðar síðan 27 júní 1996, eða í 21 ár. Ég er fæddur í heimahúsi í Suðurbænum og er því Gaflari í húð og hár.

Ég er lærður húsmiður og hef starfað við það í 50 ár, og hef rekið Trésmíðaverkstæði Gylfa síðan 1988 og gengið mjög vel.

Einnig hefur mitt áhugamál verið Björgunarsveit Hafnarfjarðar þar sem ég hef verið félagi í tæp 50 ár. Allan þann tíma hef ég selt flugelda fyrir sveitina og er þar núna maðurinn á bak við tjöldin í flugeldasölu.

Foreldrar mínir voru María Kristín Helgadóttir, sem lést ung að árum, og Sigurður H. Ingvarsson starfaði lengi sem símaverkstjóri hér í bæ.

Ég er giftur Ástu Reynisdóttur kennara, sem hefur bæði setið í stjórn og verið forseti Inner Wheel. Saman eigum við 3 börn, 6 barnabörn og 3 barnabarnabörn af hunda- og kattakyni.

Mig langar til að þakka fráfarandi stjórn ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Það var mjög gefandi að starfa með ykkur öllum að þeim verkefnum sem við stóðum að. Ég vil nú biðja fráfarandi stjórn að víkja frá stjórnarborði, alla nema fráfarandi forseta og Guðbjart Einarsson, verðandi forseta. Ég vil sömuleiðis biðja viðtakandi stjórn að koma hér að stjórnarborðinu og fá sér sæti.

Það er vel við hæfi að nýir stjórnarmenn en ekki einungis forseti kynni sig. Fyrstan vil ég bjóða velkominn hingað í pontu Guðbjart Einarsson verðandi forseta,

Þá vil ég bjóða Víði Stefánssyni ritara að koma upp,



Næstur er Gunnar Hjaltalín gjaldkeri

Síðast en ekki síst vil ég bjóða Jóhann L Haraldsson stallara að koma hingað upp og kynna sig. Eins og þið sjáið er þetta öflugur hópur sem mun starfa í stjórn á komandi starfsári. Ég hlakka til samstarfsins með ykkur öllum!

Í undirbúningi undir starfsárið hef ég boðað allar nefndir klúbbsins á fund með mér og ritara til að undirbúa starfsárið. Sumar nefndir hafa nú þegar haldið fyrsta fund og aðrar eru að undirbúa fundi. Hver nefnd þarf að sjá um fundarefni 3-4 sinnum á starfsárinu og eru fundirnir í röð á almanaksárinu eins og verið hefur síðastliðin 2 starfsár. Ég vænti þess að nefndirnar haldi reglulega fundi og skili öflugu starfi á starfsárinu. Með því virkjum við sem flesta í starfið okkar og gefum fleiri blómum tækifæri til að blómstra í klúbbum okkar.

Að vera meðlimur í Rótarýhreyfingunni síðastliðin tuttugu og eitt ár hefur gefið mér mikið persónulega og verið þroskandi. Ég vona að aðrir félagar hafi upplifað það sama og við munum saman leggja okkur fram um á þessu starfsári að halda þessu þroskaferli áfram.

Í ár sendir klúbburinn engan skiptinema og tekur ekki á móti neinum.

Ég vona hins vegar að klúbburinn haldi áfram öflugu skiptinemastarfi í framtíðinni. Við hjónin höfum haft tvo hjá okkur og var það mjög gefandi og ekki síður skemmtilegt.

Undanfarin þrjú ár hefur stjórnin unnið samkvæmt skipulagi frá umdæminu en það skipulag miðar við að gerð sé stefnumótun í hverjum klúbbi í 3 til 5 ár. Þannig hefur stjórnin að leiðarljósi nokkur mál frá fyrri stjórnnum og hefur sömuleiðis bætt við nýjum á starfsárinu.

Varðandi fjölgun félaga þá er stefna stjórnar að fjölga í klúbbum um 3-5 á árinu. Eins og áður þá viljum við biðla til allra félaga að hafa augu opin fyrir nýjum félögum. Eins viljum við vinna markvisst að því á starfsárinu að gera Rótarýklúbbinn sýnilegri í bæjarfélaginu okkar.

Á síðasta klúbbsþingi, þann 8. september 2016, samþykktum við setja 750 kr. á mánuði inn í árgjaldið sem rennur til Framkvæmdasjóðs. Gjaldkeri mun gera grein fyrir þessari breytingu frekar á eftir.

Næsta Umdæmisþing verður haldið í Mosfellsveit þann 6-7 október.

Forseta, ritara og gjaldkera er skylt að mæta en umdæmisþingið er opið öllum félögum í klúbbum og ég hvet félagi til að mæta. Umdæmisstjóri á komandi starfsári er Knútur Óskarsson, Rótarýklúbbi Mosfellsveitar, einnkunnarorð hans eru „**Kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur**“.



Venjan er sú að ný stjórn tilkynni í upphafi val sitt á heiðursfélaga komandi árs. Það er mér sönn ánægja að tilkynna að stjórnin hefur ákveðið að Trausti Ó. Lárusson verði heiðursfélagi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Ný handbókin er sömuleiðis komin út og er hér til dreifingar. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur efni hennar strax, finna út í hvaða nefndum þið sitjið, hvenær nefndirnar eiga fundarefni og hvenær þið eigið að flytja þriggja mínútna erindi.

Forseti hefur sett sér það markmið að félagar fari saman í dagsferð nú í haust og saman til útlanda vorið 2018. Það er því ósk mín að ferðanefnd hefji skipulagningu ferða sem allra fyrst.

Í dag höfum við enga aðstöðu fyrir muni í eigu klúbbsins. Það er að mínu viti mjög bagalegt og við þurfum því að bæta úr því aðstöðuleysi sem allra, allra fyrst. Ég óska hér með eftir hugmyndum frá félögum um lausnir í þessu máli. Allar tillögur eru vel þegnar.

Samanber yfirlit frá fráfarandi forseta á síðasta fundi þá vinnur ritnefnd nú að því að undirbúa útgáfu á sögu klúbbsins síðastliðin 20 ár. Það er von mín að þetta verði jólabókin í ár!

Rótarýdagurinn verður haldinn 24. febrúar 2018. Hugmyndin er að setja upp sýningu þar sem myndlist verður í fyrirrúmi ásamt öðrum listaverkum. Sýningin verður í safnaðarheimili Ástjarnarsóknar. Hugmyndin er að listaverkin séu eftir félaga okkar í Rótarý, bæði þá sem eru að fremja sinn listgjörning í dag sem, og listaverk eftir látna félaga.

Forseti Rotary International starfsárið 2017-2018 kemur frá Ástralíu og heitir því fróma nafni Ian Riseley. Einkunnarorð hans eru „**Rótarý hefur áhrif**“.

Það er von mín að klúbburinn okkar ástkæri haldi áfram að vaxa og dafna á nýju starfsári. Í klúbbum er mikið af hæfileikaríku fólki sem vill láta gott af sér leiða.

Það er mikil tilhlökkun hjá mér fyrir næsta starfsári og það verður gaman að takast á við verkefni starfsársins með ykkur kæru félagar.

Ég og stjórnin munum leggja okkur fram um að standa undir því trausti sem þið hafið falið okkur og vinna að öllum verkefnum.

Sú rótarýhugsjón sem hefur verið stefna okkar verður eins og endranær í hávegum höfð og við berum merki Rótarý með stolti.

Er það satt og rétt?



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stofnaður 1946

Er það drengilegt?

Eykur það velvild og vinahug?

Er það öllum til góðs?

Takk fyrir.

Gylfi Sigurðsson, forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2017 -2018